

Umsögn

um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2019–2023.

Frá 2. minni hluta umhverfis- og samgöngunefndar.

Um 35% boðuð viðbót fjár til umhverfismála í fjármálaáætlun fyrir árin 2019–2023 er góðra gjalda verð. Mest af henni er til málefna og verkefna sem eru hluti innviðauppyggingar til verndar náttúru og menningarminja. Einnig er hluti hennar ætlaður til landvörslu og friðaðra svæða og skerfur af henni tengist upphafi nýs miðhálandisþjóðgarðs en einnig orkuskiptum, svo sem rafvæðingu hafna og frekari innleiðingu rafbíla. Allt eru þetta mikilvæg verkefni.

Þótt sundurliðun fjárins eftir málaflokkum skorti má geta sér þess til að framlög til nýsköpunar á sviði orkuskipta og til aukinnar bindingar gróðurhúsalofttegunda hækki ekki nóg með hliðsjón af skuldbindingum Íslands í loftslagsmálum og með hliðsjón af brýnni þörf á snaraukinni kolefnisbindingu í gróðurlendi og úti í auðnum landsins.

Áhersla hvað orkuskipti varðar hefur mjög verið lögð á rafvæðingu bíla og í dálitlum mæli á sjóför. Það er gott og gilt en til viðbótar verður að leggja nánast jafnríka áherslu á að nota aðra orkugjafa, einkum þá sem knýja stóra vinnubíla, vinnuvélar, báta og skip. Hér er átt við vetni (í rafbíla), metanól, etanól, metan og lífdísil. Til að raungera það verður að efla og styrkja nýsköpun á sviði orkuframleiðslu og auka fjárfestingu, bæði hins opinbera og einkaaðila, í þróunarverkefnum, aukinni framleiðslu eldsneytis og í innviðum sem geta komið þar að gagni. Þannig minnkum við losun kolefnisgass enn hraðar en horfur eru á.

Binding kolefnis fer fram með aukinni skógrækt, frekari uppgræðslu auðna og illa farins lands, og með hressilegu átaki í endurheimt votlendis. Fjárbörf Skógræktarinnar, skógarbænda og skógræktarfélaganna úr opinberum sjóðum hefur verið skilgreind og send fjárlaganefnd. Fjárbörf sauðfjárbænda til að hrinda í framkvæmd fimm ára verkefni sem á að kolefnisjafna búskapinn á því tímabili er þekkt og nefndinni kunn. Framlög til Landgræðslunnar þarfnast endurskoðunar og þau þarf að hækka í samráði við stofnunina á öllu tímabili fjármálaáætlunarinnar; þar eru m.a. framlög til votlendisendurheimtar allt of lág í heild á tímabilinu, ef ekki verður aukið við frá því sem nú er.

Ríkið á að kolefnisjafna starfsemi sína á næstu fjórum árum og skipuleggja þá gjörð með skógrækt í samvinnu við Kolvið og hinn nýja Votlendissjóð.

Að loknu þessu kjörtímabili verða aðeins átta ár uns Ísland á að hafa uppfyllt skilmála Parísarsamkomulagsins. Hvetja ber ríkisstjórn og Alþingi til öflugri viðbragða og stærri fjárframlaga en sést hafa frá 2013 að telja.

Alþingi, 23. maí 2018.
Ari Trausti Guðmundsson.